

Ed.

425. Frumvarp

til laga um lýsismat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir þeir, sem lýsi selja eða senda úr landi frá löggiltum kaupúnum, skulu eiga kost á að fá það flokkað og metið af lögskipuðum matsmönnum.

2. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn á hverjum stað skulu hafa lýsismat á hendi, en áhöld til lýsissóknna og merkingar leggur landsstjórnin til.

Hverri lýsissendingu, sem merkt er og metin að lögum þessum, skal fylgja sýnishorn í prófglösum af lýsistegundunum, með samskonar merkingu og lýsisilátin hafa. Prófglösin leggur útflytjandi til.

Vottorð skulu yfirmatsmenn jafnan gefa um skoðunina, og eru þau lögfull sönnun þess, að lýsið sje rjettilega flokkað og merkt.

3. gr.

Kostnaður við lýsismat greiðist af útflytjendum, eftir sömu reglum sem kostnaður við fiskimat. Nánari reglur um tilhögun matsins, flokkun og merkingu lýsisins ákveður stjórnarráðið eftir tillögum Fiskifjelags Íslands.